


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	HÖTE2ET10 Námsáætlun Haustönn 2019	

Kennari	Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN) Viðtalstími eftir samkomulagi :: ina@vma.is
----------------	---

Áfangalýsing:

Farið er í meðhöndlun og blöndun lita fyrir mismunandi vefjarefni og garn. Nemandinn lærir aðferðir við blöndun og notkun lita og hjálparefna sem notuð eru við að mála og þrykkja lit á efni. Einnig lærir nemandinn að tileinka sér þær með tilraunum og profuvinnu. Lögð er áhersla á fagleg, frumleg og sjálfstæð vinnubrögð. Nemandinn skilar góðri hugmynda- og prufu- möppu með greinagóðum og upplýsandi texta ásamt dagbók/greinargerð yfir vinnu sína í áfanganum. Hann vinnur síðan efni/lokaverkefni þar sem hann sýnir fram á notkun þess í tengslum við aðra áfanga.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi þrykk og litunaraðferðum
- mismunandi hjálparefnum fyrir litun og þrykk
- mismunandi tækjum og tólum sem tilheyra litun og þrykki
- fagtungumáli og þeim hugtökum sem notuð eru
- þeim mun sem er á tengdu og ótengdu símunstri og hvernig þau eru sett upp fyrir þrykk

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota forrit/tölvutækni til að teikna og vinna munstur fyrir þrykk
- vinna hugmynd að útfærslu á hönnun á efni í tengslum við hráefni og aðferð
- vinna með form, liti og áferðir
- þrykkja og lita mismunandi efni
- velja aðferð og liti sem henta hverju sinni út frá tegund efna
- þrykkja tengd og/eða ótengd símunstur

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- öðlast verkkunnáttu til að leysa af hendi mismunandi aðferðir í litun og tauþrykki
- öðlast sjálfstraust til að útfæra og túlka hugmyndir og verkefni undir leiðsögn kennara
- miðla með myndrænni framsetningu eigin hugmyndum ásamt möppu með prufum af lituðum og þrykknum efnum
- gera sér grein fyrir styrk sínum og nýta sér hann í verkefnavali, undir leiðsögn kennara

Námsgögn:

Ýmsar textilfagbækur og -tímarit, tísku- og hóbýlablöð, efni á netinu, ýmis myndbönd tengd faginu o.fl. Snjallsímar/-tæki eða myndavél til að taka myndir fyrir sjónræna dag- og skissubók.

Það sem þarf að eiga og koma með í tíma:

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, möppu og plastvasa fyrir glósur og uppskriftir. Gúmmihanska eða einnota hanska og sulluflik. Auk þess þurfa nemendur að útvega sér tvær ljósar, bómullar herraskyrturnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
HÖTE2ET10 Námsáætlun Haustönn 2019		

Áætlun um yfirferð:

VIKUR	VERKEFNI
34-36	Hugmyndavinna og útfærsla hugmynda sem unnið verður með í áfanganum.
37-38	Tilraunir með textílefni í Fablab. Ýmsar prufur unnar með tækjum og búnaði sem er í boði í Fablab.
39-46	Tilraunir með taulitun og -þrykk. Ýmsar prufur unnar með efni og aðferðir litunar og þrykks.
47-49	Úrvinnsla lokalínu, frágangur fyrir skil og uppsetning sýningar.

Samhliða verkefnavinnunni skulu nemendur halda sjónræna og skriflega skissu-, dag- og ferilbók þar sem haldið er utan um tilraunir, aðferðir og niðurstöðu vinnunnar og allt skráð með einhverjum hætti.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Hugmyndavinna	Niðurstaða hugmyndavinnu sem stuðst verður við í prufugerð í áfanganum.	5%	
Fablab	Niðurstaða tilrauna með aðferðir tækni Fablab í textílefni.	10%	
Litunarprufur	Niðurstaða tilrauna með taulitun.	25%	
Þrykkprufur	Niðurstaða tilrauna með tauþrykk.	25%	
Lokaverkefni	Niðurstaða lokalínu þar sem tilraunir annarinnar eru útfærðar á stærri efni og flík.	25%	
Dag/Ferilbók	Sjónræn og skrifleg dagbók/ferilmappa áfangans.	10%	
		Samtals:	100%

Annað:

Allra síðasti skiladagur verkefna og opið hús á listnámsbraut – fimmtudaginn 5. desember

Dagsetning: 19.08.19

Borghildur Jón Sölvadóttir
Undirritun kennara

Sölvaig Þ. Þórsdóttir 19.08.19
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils